


Reykjavík, 15.mars 2019/JÞ

Akraneskaupstaður
B.t. Sigurður Páll Harðarson,
Sviðsstjóri skipulags - og umhverfissviðs
Stílholti 16 -18
330 Akranesi

Akraneskaupstaður 

Skjal nr.	Mótt. af	Mótt. dags.
22.11	MSK	20.3.19
Ábm.	Úrv.aðili	Málsnr. One
SPH	HS	1903241

Varðar: Akraneshöfn - Endurbætur á Aðalhafnargarði - Framkvæmdaleyfisumsókn

Framkvæmdir við Akraneshöfn - Endurbætur á Aðalhafnargarði eru háðar framkvæmdaleyfi Akraneskaupstaðar skv. 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi.

Faxaflóahafnir stefna að því að hafjast handa við framkvæmdaundirbúning þessara verkefna vorið 2019. Útboð hönnunarvinnu fyrir þessi verkefni stendur nú yfir og í framhaldi af því hefjast síðan ýmsar rannsóknir og hönnunarvinna. Útboð á stálpili og stagefni fyrir bakkagerð fer síðan af stað haustið 2019 og í framhaldi af því undirbúningsframkvæmdir, dýpkanir og útboð bakkagerðar. Reiknað er með að verk tími verka verði um 2 - 3 ár og framkvæmdir standi yfir á árunum 2019 - 2022.

Faxaflóahafnir spurðust fyrir um matsskyldu framkvæmda í samræmi við 6. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 2.03 í 1. viðauka laganna. Skipulagsstofnun leitaði umsagnar Akranesbæjar, Hvalfjarðarsveitar, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, Minjastofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar lá fyrir 26. september 2018 og var niðurstaða stofnunarinnar, á grundvelli fyrirliggjandi gagna, að fyrirhugaðar endurbætur á Aðalhafnargarði Akraneshafnar, séu ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skulu því ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Með umsókn fylgja eftirfarandi gögn:

1. Akraneshöfn - Endurbætur á Aðalhafnargarði. Mat á umhverfisáhrifum - fyrirspurn um matsskyldu framkvæmda. Júní 2018. Unnið af Mannviti fyrir Faxaflóahafnir.
2. Akraneshöfn - Endurbætur á Aðalhafnargarði. Ákvörðun um matsskyldu. Skipulagsstofnun, 26. sept 2018.


Eins og sagði í úrskurði Skipulagsstofnunar þá er framkvæmdin háð framkvæmdaleyfi Akraneskaupstaðar samkvæmt 13. -15. gr skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerð um framkvæmdaleyfi.

Áður en leyfi verður veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Akraness 2005 - 2017. Jafnframt þarf að breyta deiliskipulagi Akraneshafnar.

Samfara umsókn um framkvæmdaleyfi munu Faxaflóahafnir óska eftir leyfi frá Umhverfisstofnun fyrir varpi dýpkunarefna í hafið skv. 9.gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Einnig munu Faxaflóahafnir óskað eftir leyfi Orkustofnunar til efnistöku af hafsbotni sbr. lög nr. 73/1990 um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins.

Óskað er samþykktar Akranesbæjar og útgáfu framkvæmdaleyfis fyrir þessar framkvæmdir eins og þeim er lýst í þeim skjölum sem fylgja erindinu. Faxaflóahafnir sf vonast til að framanskráðar upplýsingar séu fullnægjandi til að hægt verði að afgreiða erindið formlega eins fljótt og auðið er. Ef þörf er á frekari upplýsingum eða skýringum erum við að sjálfsögðu reiðubúnir til að veita þær.

Virðingarfyllst,



Jón Þorvaldsson

aðstoðarhafnarstjóri